

## Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 898 (28.2.2019) - Starf sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs - tillaga að ráðningu.

**Málsnúmer** : 201901056  
**Málsaðili** : Dalvíkurbyggð - sveitarstjórn  
**Niðurstaða (stutt)** : Samþykkt  
**Fundardagur** : 28.02.2019

**Inngangur** : Á 893. fundi byggðaráðs þann 17. janúar 2019 var meðal annars eftirfarandi bókað hvað varðar starf sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs:  
"Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að starfið verði auglýst laust til umsóknar og samþykkir jafnframt að leita til Capacent hvað varðar aðstoð við ráðningarferlið. Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að fela ráðningarnefnd að yfirfara starfslýsingu fyrir starfið og gera tillögu að auglýsingu um starfið."

Sveitarstjóri og Guðmundur St. Jónsson, aðalmaður í byggðaráði og sveitarstjórn, unnu að úrvinnslu og sátu viðtöl í ráðningarferlinu.

Katrín og Guðmundur leggja til að Gísli Bjarnason verði ráðinn í starf sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar.

**Niðurstaða** : Byggðaráð samþykkir samhljóða með 2 atkvæðum að leggja til við sveitarstjórn að Gísli Bjarnason verði ráðinn í starf sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar.